

Skýrsla fræðslu- og endurmenntunarnefndar LMFÍ

Í fræðslunefnd LMFÍ sitja Hanna Rut Jónasdóttir, formaður, Bergrún Svava Jónsdóttir, Brynja Pála Helgadóttir og Sveinbjörg Brynjólfsdóttir.

Það sem hefur einna helst staðið upp úr frá því á síðasta aðalfundi eru nálastungunámskeiðin sem María Sigurðardóttir hjá 9 mánuðum hefur haldið. Eitt grunnnámskeið var haldið vorið 2011 og annað á haustmánuðum 2011. 10 ljósmæður komust að á hvort námskeiðið og komust færri að en vildu. Í janúar 2012 var þriðja grunnnámskeiðið haldið. Einnig var haldið eitt upprifjunarnámskeið um haustið fyrir þær ljósmæður sem höfðu nýtt sér nálastungutæknina í einhvern tíma.

Í byrjun október buðu Björkin og LMFÍ ljósmæðrum að hlusta á fyrirlestur með Penny Simkin, breskrar “doulu”. Þar ræddi hún meðal annars um efni sem koma fram í nýrri bók hennar “The labor progress handbook.” Má þar nefna hvernig hægt sé að hraða fæðingu, framhöfuðstöðu í fæðingu- hvað hægt sé að gera, hliðarverkanir mænurótardeyfingar- hvernig hægt sé að minnka þær og hvernig best sé að veita konunum stuðning í fæðingunni. Síðast en ekki síst ræddi hún um hvaða áhrif það hefði á konu í fæðingu að hafa þolað kynferðisofbeldi. Um 30 ljósmæður mættu á þennan fyrirlestur sem var mjög svo áhugaverður.

30. nóvember var hinn árlegi jólafundur haldinn í fundarsal LMFÍ. Steina Þórey Ragnarsdóttir, ljósmóðir sagði okkur skemmtilega fæðingarsögu ásamt því að lesa upp úr bókinni Íslenskar ljósmæður. Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir var gestur fundarins og las hún upp úr bókinni “Af heilum hug” sem fjallar um ævi og störf hennar og eiginmanns hennar, sr. Bjarna Karlssonar. Ljósmæður komu allar með jólapakka og var skipst á þökkum. Boðið var upp á jólaglögg, smákökur og konfekt að vanda. Þetta var hugguleg og jólaleg stund en því miður sáu einungis um 15 ljósmæður sér fært um að mæta.

Þann 29. febrúar héldu Hulda Sigurlína Þórðardóttir, ljósmóðir og IBCLC brjóstgafaráðgjafi og Ingibjörg Baldursdóttir, hjúkrunarfræðingur og IBCLC brjóstgafaráðgjafi námskeið um hvernig hægt er að stuðla að farsælli brjóstgjöf. Þetta var heilsdagsnámskeið og um það bil 20 ljósmæður mættu og 1 hjúkrunarfræðingur.

Í samvinnu við Endurmennt HÍ verður síðan haldið Hypnobirthing námskeið í lok apríl þar sem kennari verður Steve Griffith. Þetta er 4 daga námskeið og er skráningarfrestur til 27. mars 2012.

Fyrir aðalfundinn þetta árið mun Hafrún Kristjánsdóttir, sálfræðingur halda uppbyggjandi fyrirlestur. Einnig verður farið í skemmtilega kynningarferð eftir fundinn og mun dagurinn enda með spennandi kvöldverð.

Fyrir hönd fræðslunefndar,

Hanna Rut Jónasdóttir, formaður